

Þriðjudaginn 19. september 1967.

Nr. 124/1967. **Ákærvaldið**

gegn

Guðmundi Þórarinssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Dómssátt felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Hin kærða sátt var gerð fyrir Jakob Þ. Möller, fulltrúa sýslumannsins í Suður-Múlasýslu.

Með kæru 28. ágúst 1967, sem hingað barst 29. s. m., hefur saksóknari ríkisins samkvæmt ákvæðum 6. mgr. 1. gr. laga nr. 29/1966 um breytingu á lögum nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála kært til ógildingar þá ákvörðun héraðsdóm-
arans á dómþingi 27. júní 1967 að ljúka máli á hendur kærða, Guðmundi Þórarinssyni, með sáttargerð.

Með dómi, uppkveðnum í sakadómi Suður-Múlasýslu 20. apríl 1964, var kærði dæmdur til að greiða kr. 2.000.00 í sekt og sviptur ökuleyfi 6 mánuði fyrir brot gegn 2. mgr. 17. gr., 1. og 2., sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 37. gr., 2. mgr. 41. gr. og 49. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Hinn 28. nóvember 1965 var kærði kærður af lögreglu-
mönnum í Reykjavík fyrir ölvun við akstur. Við rannsókn á blóði hans fundust í því efni, er svara til 0.87‰ af vínanda. Héraðsdómariinn lauk máli þessu með dómssátt, þannig að kærði skuldbatt sig til að greiða kr. 4.000.00 sekt í ríkissjóð, en til vara að sæta 8 daga varðhaldi og vera sviptur ökuleyfi 6 mánuði.

Samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 80. gr. laga nr. 26/1958 varða ítrekuð brot gegn 1., 2., sbr. 3. mgr., 25. gr. sömu laga varðhaldi eða fangelsi. Héraðsdómara var því samkvæmt skýlausum ákvæðum 2. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 29/1966 heimildarlaust að ljúka máli þessu með sátt, og ber því sam-
kvæmt 6. mgr. 1. gr. sömu laga að fella dómssáttina úr gildi.

Dómsorð:

Dómssátt sú, sem Guðmundur Þórarinnsson gekkst undir fyrir sakadómi Suður-Múlasýslu 27. júní 1967, er úr gildi felld.

Dómssátt í sakadómi Suður-Múlasýslu 27. júní 1967.

Mættur er í réttinum kærði, Guðmundur Þórarinnsson, Sólheimum, Reyðarfirði, iðnnemi, fæddur 6. 3. 1945 á Reyðarfirði, áminntur um sannsögli. Ákvæðis 2. mgr. 77. gr. laga nr. 82/1961 er gætt.

Kærða eru kynnt hin framlögðu skjöl, og kannast hann við það, að skjölin varði hann og séu í öllum greinum rétt. Kærði segist aðspurður vera þess albuinn að undirrita dómssátt í málinu. Var síðan í dóminum undirrituð svolátandi

dómssátt:

Ég, Guðmundur Þórarinnsson, Sólheimum, Reyðarfirði, viðurkenni að hafa gerzt brotlegur við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og samþykki að greiða í sekt til ríkissjóðs kr. 4.000.00, enda komi 8 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 14 daga frá deginum í dag. Þá hlýði ég ökuleyfissviptingu í 6 mánuði frá deginum í dag og skuldbind mig til að greiða kostnað sakarinnar.

Upplesið. Staðfest.

Samþykkur:

Guðmundur Þórarinnsson.
